

Ed.

16. Frumvarp til laga

[13. mál]

um refsingar fyrir landhelgisbrot.

Flm.: Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, og lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922, með síðari breytingum, skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum eftir gengi þann dag, sem sektin er ákveðin. Þá skal enn fremur við fyrsta brot gegn nefndum lögum og lögum nr. 45 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, með síðari breytingum, svipta skipstjóra réttindum til skipstjórnar á íslenskum skipum um eins árs skeið, en verði hann aftur brotlegur, skal hann missa skipstjóraréttindi ævilangt.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 frá 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu breytingu frá gildandi lögum, að auk sekta fyrir landhelgisbrot skuli svipta skipstjóra, sem sekur verður um landhelgisbrot, rétti til skipstjórnar á íslenskum skipum um eins árs skeið við fyrsta brot, en ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða.

Hér eru svo stórfelldir hagsmunir í húfi fyrir alla íslenzku þjóðina, að ríkar ástæður eru til þess að taka hart á þeim mönnum, sem að yfirlögðu ráði brjóta landhelgislöggjöfina.

Verður að telja rétt, að þeir menn séu teknir úr umferð, sem gera sér það að féþúfu að stunda eins konar rányrkju og rýra með henni afkomumöguleika komandi kynslóða.